



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

65. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 19. febrúar 2016, kl. 15:00, í Ráðssalnum, Borgartúni 12-16, Reykjavík.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir og Ófeigur Friðriksson

Garðabær:

Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Sigurður Guðmundsson, Bjarni Torfi Álfþórsson og Ólafur Ingi Óskarsson boðuðu forföll. Einnig sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fundinn og stýrði.

1. Framtíð almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu / málsnr. 1510007

Stjórn Strætó bs. tók þátt í þessum fundarlið.

Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri, Ragnheiður Einarsdóttir, sérfræðingur á skipulagssviði Strætó bs. og Þorsteinn Hermannsson, samgönguverkfræðingur hjá Mannviti greindu frá stöðu Borgarlínuverkefnisins og öðrum verkefnum sem eru í vinnslu og snerta framtíð almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í erindi þeirra var lagt til að auka samvinnu milli svæðisskipulagsins og Strætó bs. og ná betri samlegð úr þeim verkefnum sem snerta framtíð almenningsamgangna og munu hafa áhrif á þróun leiðakerfisins á næstu árum.

Umræður

Niðurstaða:

Hrafnkatli og Ragnheiði falið að móta tillögur um samstarf um þróun almenningsamgangna og leggja fyrir svæðisskipulagsnefnd og stjórn Strætó bs. Í tillögunum þarf að tilgreina viðfangsefnin, verklag og tímalínu. Kynna þarf tillögurnar á vettvangi sveitarfélaganna þegar þær liggja fyrir.

2. Breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur, RÚV-reitur / málsnr. 1512006

Erindi frá Reykjavíkurborg þar sem óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar við

forkynningu á aðalskipulagsbreytingu sbr. 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Borghildur Sturludóttir vék af fundi.

Umræður

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna og fagnar því að unnið sé að því að nýta betur svæði sem verða í nálægð við Borgarlínu. Mikilvægt er að við útfærslu deiliskipulags verði horft til tillagna um legu Borgarlínu og hugað sérstaklega að góðum tenginum við framtíðar stoppistöð og öðrum þáttum sem hvetja þá sem þarna munu búa og starfa til að nota virka ferðamáta. Með því móti er unnið markvisst að því að aukin ferðamyndun kalli ekki sjálfkrafa fram aukna bílaumferð.

3. Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, miðborg / málsnr. 1602003

Erindi frá Reykjavíkurborg þar sem óskað er eftir umsögn við verklýsingu vegna breytingu á aðalskiplagi Reykjavíkur 2010-2030 sbr. 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra að gera sína umsögn um verkefnislýsinguna.

4. Önnur mál

Umsagnir við aðalskipulagsbreytingar sveitarfélaga

Nokkuð mörg breytingarmál hafa komið á borð svæðisskipulagsnefndar í haust. Í hverri breytingu eru a.m.k. þrjú póstar þar sem óskað er eftir umsögn, við lýsingu (1. mgr. 30 gr), við tillögu á vinnslustigi (2. mgr. 30 gr.) og við auglýsta tillögu (31. gr). Umsagnir nefndarinnar, sem að jafnaði fundar með mánaðarbili, berast oft heldur seint til sveitarfélaganna.

Rætt um gera tilraun með að einfalda ferlið og fela svæðisskipulagsstjóra að senda strax inn sína umsögn. Sú umsögn væri svo lögð fyrir næsta fund svæðisskipulagsnefndar.

Tillaga að breytingu á skipulagslögum sem snerta svæðisskipulag

Hrafnkell lagði fram til kynningar, tillögu Sambands Íslenskra sveitarfélaga að breytingu á 27. gr. skipulagslaga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.